## SJÓNVARPIÐ

14.55 **Landsleikur í knattspyrnu,** Sovétríkin–Ísland. Bein útsending frá leik liðanna sem er liður í undankeppni heimsmeistarakeppninnar sem fram fer á Ítalíu 1990. Leikurinn fer fram á Lenínleikvanginum í Moskvu. Umsjón Samúel Örn Erlingsson.
17.00 **Hlé.**
18.00 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
19.20 **Svarta naðran** (Blackadder). Þriðji þáttur.
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Grænir fingur.** Þáttur um garðrækt í umsjón Hafsteins Hafliðasonar. Í þessum þætti er fjallað um lífið í moldinni.
20.45 **Frá Póllandi til páfadóms** (Papa Wojtyla). Fyrsti hluti. Breskur heimildarmyndaflokkur í þremur hlutum um Jóhannes Pál páfa II. en hann er væntanlegur til Íslands í byrjun júní. Í þessum fyrsta hluta er skyggnst til æskuára páfa og rætt við pólska samferðamenn hans. Þýðandi Jón O. Edwald.
21.35 **Sovétríkin–Ísland.** Sýndar svipmyndir úr landsleiknum
22.15 **Hörkulöggur** (The Super Cops). Bandarísk bíómynd frá 1974.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Hörkulöggur – framh.**
23.55 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Ástarsorgir.** Advice to the Lovelorn. Rómantísk gamanmynd um unga blaðakonu sem kemst að því að það að leysa vandamál annarra er öllu auðveldara en að leysa manns eigin.
18.50 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.00 **Sögur úr Andabæ.** Ducktales. Andrés önd og félagar fyrir alla fjölskylduna.
20.30 **Falcon Crest.** Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
21.20 **Bjargvætturinn.** Equalizer. Vinsæll spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Edward Woodward.
22.10 **Viðskipti.** Íslenskur þáttur um viðskipti og efnahagsmál í umsjón Sighvats Blöndahl. Stjórn upptöku: María Maríusdóttir.
22.35 **Sögur að handan.** Tales From the Darkside. Hryllingur eins og hann gerist bestur.
23.00 **Sólskinseyjan.** Island in the Sun. Mynd þessi var gerð á seinni hluta sjötta áratugarins en á þeim tíma þótti hún í djarfara lagi.
0.55 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregnir. Bæn, séra Stína Gísladóttir flytur.
7.00 Fréttir.
7.03 **Í morgunsárið** með Sólveigu Thorarensen. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Tilkynningar laust fyrir kl. 7.30, 8.00, 8.30 og 9.00.
9.00 Fréttir.
9.03 **Litli barnatíminn – Á Skipalóni** eftir Jón Sveinsson. Fjalar Sigurðarson les fimmtánda lestur. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Íslenskur matur.** Kynntar gamlar íslenskar mataruppskriftir sem safnað er í samvinnu við hlustendur og samstarfsnefnd um þessa söfnun.
9.40 **Landpósturinn – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.**
10.00 Fréttir. Tilkynningar.
10.10 Veðurfregnir.
10.30 **Óskastundin.** Helga Þ. Stephensen kynnir efni sem hlustendur hafa óskað eftir að heyra, bókarkafla, smásögur og ljóð.
11.00 Fréttir.
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 Fréttayfirlit. Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 Veðurfregnir. Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn – skógrækt.** Umsjón: Kristján Sigurjónsson. (Frá Akureyri.)
13.30 **Miðdegissagan: Vatnsmelónusykur** eftir Richard Brautigan. Gyrðir Elíasson þýddi. Andrés Sigurvinsson les (5.)
14.00 Fréttir.
14.03 **Norrænir tónar.**
14.30 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** Erlingur Vigfússon, Guðrún Á. Símonar, Guðmundur Jónsson og Karlakórinn Geysir syngja íslensk lög.
15.00 Fréttir.
15.03 **Tímaskekkja eða stundarerfiðleikar.** Samantekt um Samvinnuhreyfinguna. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
16.00 Fréttir.
16.03 Dagbókin. Dagskrá.
16.15 Veðurfregnir.
16.20 **Barnaútvarpið.** Skólalok. Umsjónarmaður: Kristín Helgadóttir.
17.00 Fréttir.
17.03 **Tónlist á síðdegi – Bach og Händel.**
18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 Veðurfregnir. Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 Tilkynningar.
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Þorgeir Ólafsson.
20.00 **Litli barnatíminn – Á Skipalóni** eftir Jón Sveinsson. Fjalar Sigurðarson les fimmtánda lestur. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Samtímatónlist.** Umsjón: Sigurður Einarsson.
21.00 **Lausn frá hjóli tímans.** Ævar R. Kvaran les úr minningum Einars Jónssonar myndhöggvara.
21.30 **Atvinnumál kvenna í dreifbýli.** Umsjón: Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri.) (Endurtekinn þáttur úr þáttaröðinni Í dagsins önn.)
22.00 Fréttir. Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 Veðurfregnir.
22.30 **Vísindin efla alla dáð.** Fimmti þáttur af sex um háskólamenntun á Íslandi. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Einnig útvarpað á föstudag kl. 15.03.)
23.10 **Djassþáttur** – Jón Múli Árnason. (Einnig útvarpað aðfaranótt mánudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
24.00 Fréttir.
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 Veðurfregnir.
1.10 **Næturútvarp** á báðum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa** Evu Ásrúnar Albertsdóttur. Rugl dagsins frá Spaugstofu kl. 9.25. Neytendahorn kl. 10.03. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Sérþarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 Fréttayfirlit. Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir og Ævar Kjartansson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum. – Þjóðarsálin, þjóðfundur í beinni útsendingu kl. 18.03.
19.00 **Kvöldfréttir**
19.32 **Íþróttarásin: Sovétríkin – Ísland.** Bein lýsing á leik liðanna í undankeppni heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu.
22.07 **Á rólinu** með Önnu Björk Birgisdóttur.
1.00 **Næturútvarp** á báðum rásum til morguns.
Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

Næturútvarpið

1.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
2.00 Fréttir.
2.05 **Djass og blús.** Pétur Grétarsson kynnir. (Endurtekinn frá kvöldinu áður.)
3.00 **Rómantíski róbótinn.**
4.00 Fréttir.
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins.
4.30 Veðurfregnir.
4.35 **Næturnótur.**
5.00 Fréttir af veðri og flugsamgöngum.
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 Fréttir af veðri og flugsamgöngum.
6.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt.
Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. 19.00- **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturdagskrá.**
Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturstjörnur.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
11.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur. E.
13.30 **Opið hús hjá Bahá'íum.** E.
14.30 **Á mannlegu nótunum.** Flokkur mannsins. E.
15.30 **Laust.**
16.00 **Búseti.** E.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Samtökin '78.**
18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vinstrisósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
19.00 **Hlustið.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristins Pálssonar.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Hulda og Magnea.
21.00 **Í eldri kantinum.** Tónlistarþáttur í umsjá Jóhönnu og Jóns Samúels.
22.00 **Við og umhverfið.** Þáttur í umsjá dagskrárhóps um umhverfismál á Útvarp Rót.
22.30 **Samtök græningja.** E.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**

## ALFA FM·102,9

17.00 **Blessandi boðskapur** í margvíslegum tónum.
24.00 **Dagskrárlok.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
12.00 **General Hospital.** Sakamálaþáttur.
13.00 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.00 **Loving.**
14.30 **Family Affair.** Gamanþáttur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Skemmtiþáttur.
18.00 **Sale Of The Century.**
18.30 **Hey Dad.**
19.00 **Mr. Belvedere.**
19.30 **Framhaldsþáttur.**
20.30 **Against The Wind.**
21.30 **Jameson Tonight.**
22.30 **Matt Helm.**

## EUROSPORT

16.00 **Íþróttakynning Eurosport.**
17.00 **Mazda's Eye On Sport.** Fréttir og fleira.
18.00 **Tennis.** Opna franska meistaramótið.
20.00 **Knattspyrna.** Undankeppni Heimsmeistarakeppninnar.
22.00 **Tennis.** Opna franska meistaramótið.
23.00 **Íþróttakynning Eurosport.**



**Bjargvætturinn reynir að koma í veg fyrir morð í þættinum í kvöld.**

### Stöð kl. 21.20:

# Bjargvætturinn

## – bregður á leik á ný

Bjargvætturinn McCall guðar á skjáinn á ný og hefur sjaldan eða aldrei verið betri. Edward Woodward, sem leikur bjargvættinn, fékk fyrir nokkru hjartaáfall en hefur nú náð sér að fullu.

Í kvöld munu sjónvarpsáhorfendur fylgjast með honum eltast við ósvífinn stjórnmálamann sem ætlar sér að þagga niður í einu manneskjunni sem veit að hann hefur beitt fjárkúgunum til að koma sér áfram.

Cyndie, aðstoðarkona Wingets þingmanns, kemst á snoðir um að hann hefur reynt að beita fjárkúgun þegar hún opnar skjalatösku hans til að athuga hvenær hann á að mæta á fund. Þar finnur hún gögn um Blake þingmann og af þeim sést að hann hefur verið handtekinn fyrir að aka drukkinn og fyrir manndráp af gáleysi. Henni bregður í brún en ljósritar gögnin og póstsendir sjálfri sér þau. Wingate kemst á snoðir um hvað hún hefur gert og hún er ekki sein á sér að leita aðstoðar bjargvættarins.

### Rás 2 kl. 1.00:

# Blítt og létt

Klukkan eitt í nótt hefst á rás 2 nýr þáttur fyrir sjómenn sem nefnist Blítt og létt. Í þættinum, sem fluttur verður tvisvar sinnum sömu nóttina en á sinni hvorri vaktinni, mun Gyða Dröfn Tryggvadóttir ræða við sjómenn, unga sem aldna, á sjó og landi. Þeir sem vilja koma kveðjum til sjómanna geta skrifað þættinum og beðið um óskalög. Utanáskrift þáttarins er:

**Blítt og létt**
**Útvarpshúsinu**
**Efstaleiti 1**
**150 Reykjavík**



**Lögregluþjónarnir fræknu á vakt.**

### Sjónvarp kl. 22.15:

# Að sanna eigið ágæti

## – hasarleikur tveggja lögregluþjóna

Lögregluþjónarnir Dave Greenberg og Bob Hantz eru á reynslutíma í lögregluliði New Yorkborgar. Þeir eru ekki sáttir við kerfið sem setur þeim ákveðin skilyrði. Meðal þess sem þeim er á móti skapi er að þurfa að vinna í einkennisbúningum. Þeir ákveða því að grípa til eigin ráða til að sanna eigið ágæti og eltast við bófa og aðra glæpamenn þegar þeir eru ekki á vakt.

Eftir að þeir hafa handtekið yfir 40 glæpamenn í frítíma sínum, í óþökk yfirboðara sinna, eru þeir sendir til starfa í Brooklyn og þar hefst fyrir alvöru barátta þeirra við glæpa- og undirheimalýð borgarinnar.